

Pink Iceland  
Hverfisgata 39  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2024  
UST202401-392/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir viðburðahaldi og drónaflugi í Snæfellsjökulsþjóðgarði**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Pink Iceland, dagsett mánudagur, 29. janúar 2024, um leyfi til viðburðarhalds og drónaflugs innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Snæfellsjökulsþjóðgarður er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds. Samkvæmt sérreglum stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum innan þjóðgarðsins á tímabilinu 15. apríl - 15. september vegna lífríkisverndar og til að tryggja góða upplifun gesta, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að halda brúðkaupsathöfn og móttöku á Djúpalónssandi. Með umsókn fylgdi kort sem sýndi staðsetningu athafnarinnar og búnaðar sem áætlað er að setja upp. Búnaður yrði borinn inn á svæðið. Ráðgert er að uppsetning taki um klukkutíma og frágangur einn og hálfan tíma á tímabilinu 9:00-15:00 þann 27. júlí 2024. Áætlað er að verkefninu komi 8 starfsmenn og 70-80 gestir. Gestir yrðu keyrðir inn á svæðið í rútu. Gert er ráð fyrir að ganga frá svæðinu að athöfn lokinni eins og komið var að því og öll rósablöð týnd upp að athöfn lokinni. Ljósmyndari og videographer verða á svæðinu meðan athöfnin fer fram og er óskað eftir að þeir fái að mynda athöfnina með dróna.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur líklegt að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og lífríki á svæðinu. Stofnunin metur að verkefnið muni hafa áhrif á aðra gesti á svæðinu þar sem gera má ráð fyrir mikilli umferð annar gesta um svæðið á sama tíma og athöfnin fer fram. Takmörkuð bílastæði eru við Djúpalón og gera má ráð fyrir miklum fjölda bíla og rúta á þeim tíma sem athöfnin fer fram. Stofnunin metur að sé farið eftir skilyrðum leyfisins sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Pink Iceland fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi, brúðkaupsathöfn og móttöku gesta allt að 80 manns á Djúpalóni innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan 27. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki og gestum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að allir munir sem notaðir voru í tenglum við viðburðinn verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Eingöngu er heimilt að dreifa rósablöðunum ef vindur er hagstæður og tryggt að þau fjúki ekki útfyrir það svæði sem viðburðurinn fer fram á.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins og tryggji að viðburðurinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Óheimilt er að hamla aðgang annarra gesta að svæðinu og/eða teppa umferð á göngustígum/bílastæðum innan svæðisins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki viðburðarins á svæðinu að því loknu.
- Gestir skulu vera ferjaðir á rútu til og frá svæðinu og skal rúttunni lagt á efra bílastæðin við þjóðveginn á meðan athöfnin fer fram.
- Ef starfsmenn hafa ekki tæk á að nýta rúttuna og eru á fleiri en einum bíl skulu þeir vera ferjaðir niður á sandin og eingöngu leggja einum bíl á neðra bílastæðinu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Óheimilt er að fljúga drónanum utan þess svæðis sem athöfnin fer fram á.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.

- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun bendir á að netsamband á svæðinu er stopullt sem getur haft áhrif á tengingu við drónann.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um viðburði og athafnir er kr. **57.000**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson  
**þjóðgarðsvörður**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**